



Dalabyggð



Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á
sveitarstjórnarfundum nr. 243,
8. febrúar 2024



Helstu viðfangsefni síðustu daga og vikur eða frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var 18. janúar sl. Hér er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði.

- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 652 íbúar mv. 2. febrúar sl.
- Álagningu fasteignagjalda (fasteignaskattur, lóðarleiga, vatnsgjald, sorpgjald, fráveita og rotþróargjald) er lokið og hafa álagningarseðlar verið birtir á Island.is. Fyrir þá sem greiða upp fasteignagjöldin fyrir 15. febrúar er veittur 5% staðgreiðsluafsláttur. Gjaldögum hefur verið fjölgað, úr 6 í 8. Nánari upplýsingar í frétt á heimasíðu Dalabyggðar, www.dalir.is



- Vinna í gangi við að endurskipuleggja og gera verklag í kringum úthlutun lóða og yfirliti yfir lausar lóðir í Búðardal og einnig er vinna hafin við gerð deiliskipulags sbr. skýrslu mína í janúar sl. Arkís sér um stærsta hluta þess og síðan Verkfræðistofan Efla um Hvammasvæðið. Hér er um að ræða gríðarlega mikilvægt verkefni, bæði m.t.t. þess að gera deiliskipulag fyrir Búðardal og eins að kanna möguleika á því hvort við getum fjölgað lóðum við þegar uppbyggðar götur.

- Kynning á skýrslu vegna stöðu fjarskiptamála á Vesturlandi fór fram þann 22. janúar sl. og í undirbúningi er frekari greiningarvinna vegna Dalabyggðar því staðan er svo sannarlega slæm víða í sveitarfélaginu og verk að vinna í þeim efnum.
- Samtal er jafnframt hafið við Mílu um þá slæmu stöðu sem er í Dalabyggð víða varðandi GSM samband og einnig mun samtalið ganga út á mögulega lagningu ljósleiðara í Búðardal sem og rekstur ljósleiðarakerfis í dreifbýli sbr. það sem Dalaveitur hefur haldið utan um.



- Skýrsla ríkislögreglustjóra vegna stöðu löggæslumála í Dalabyggð hefur verið send til dómsmálaráðherra og til allra alþingismanna í NV-kjördæmi og einnig verið kynnt fjölmiðlum og hafa þeir allir gefið skýrslunni athygli og pláss en formleg viðbrögð ráðamanna hafa ekki komið fram enn sem komið er.
- Opinn fundur starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra fór fram þann 29. janúar sl. í Vínlandssetri. Góð mæting var á fundinn og umræður hreinskiptar og góðar ábendingar komu fram. Sama dag fundaði starfshópurinn með Breiðafjarðarnefnd þar sem farið var yfir sameiginleg hagsmunamál. Undirritaður sat einnig fund með samráðshópi sem er að störfum vegna verkefna við Breiðarfjörð og styttist í að sú vinna verði kynnt á íbúafundi með íbúum þeirra sveitarfélaga sem hagsmuna eiga að gæta varðandi Breiðarfjörðinn.



- 1. febrúar sl. fór fram lokaathöfn Nýsköpunarhraðals sem verið hefur í gangi á Vesturlandi undanfarnar vikur þar sem 10 hópar/verkefni fengu framgang. Ánægjulegt að 2 verkefni héðan úr Dölum voru þar á meðal, verkefni Urður ullarvinnsla og Jólasveinarnir eru úr Dölum, og var framgang þeirra á þessari lokaathöfn okkur öllum í Dalabyggð til mikils sóma og verður spennandi að fylgjast með framgangi þessara verkefna.



- Fundur með eldri borgurum í Dalabyggð fór fram 6. febrúar sl. Mjög góð mæting var á fundinn og góðar umræður sköpuðust um öll þau málefni sem varða eldri borgara. Samsetning íbúa í Dalabyggð, m.t.t. aldursdreifingar er þannig um áramót að um 26% íbúa er 60 ára og því mikið í húfi að málefnum þessa hóps sem um ræðir sé vel sinnt.



- Mikil umræða skapaðist um vegamál í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um einstaka verkefni sem Vegagerðin hefur verið með í undirbúningi og hönnun á höfuðborgarsvæðinu þar sem m.a. undirrituðum ofbauð sú nálgun sem Vegagerðin hefur viðhaft í því máli m.t.t. ástands vegamála í Dalabyggð þ.m.t. umferðaröryggis. Í kjölfar blaðagreinar undirritaðs þá óskaði forstjóri Vegagerðarinnar eftir fundi og fór hann fram í morgun og átti sér stað á þeim fundi afar hreinskiptið samtal um ástand vega og fjölda einbreiðra brúa í Dalabyggð og hve Vesturland er gríðarlega afskipt í fyrirbyggjandi tillögu að Samgönguáætlun.



Spyr hvort yfirstjórn höndli „tifandi tímas

Björn Bjarki Þorsteinsson, svei yfirstjórn Vegagerðarinnar felle hefur haldið á málum varðandi

INNLENT 🕒 6.2.2024 12:38



DalaAuður

- Opið er fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð DalaAuðs. Umsóknarfrestur er til hádegis 29. febrúar 2024. Frumkvæðissjóður DalaAuðs styrkir nýsköpunar- menningar- og samfélagsverkefni í Dalabyggð. Samtals eru 18.375.000 kr. til úthlutunar að þessu sinni.
- Byggðasafn Dalamanna hefur sett upp nýja sýningu í anddyri stjórnsýsluhússins með ljósmyndum af bæjum í Saurbæ um 1965-1970. Ljósmyndirnar eru teknar af Sigurhans Vigni frá Hróðnýjarstöðum og eru hluti af myndum hans af velflestum bæjum í Dölum á þessum tíma. Myndir af bæjum í Hörðudal og Miðdölum eru til sýnis í Árbliki í Miðdölum.



- Á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt uppfærð gjaldskrá fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð sem tekur gildi frá og með 1. febrúar. Fyrir utan hækkun á almennu sorphirðugjaldi í samræmi við aukinn kostnað í málaflokknum er tekið upp nýtt fyrirkomulag við gjaldtöku við móttöku gjaldskylds úrgangs á söfnunarstöðinni í Búðardal. Árin 2021 og 2022 var notast við klippikort sem allir greiðendur sorphirðugjalda fengu send árlega, þau kort hafa nú verið lögð niður. Þess í stað verður innheimt eftir magni fyrir gjaldskyldan úrgang við hverja losun. Það er í samræmi við „borgað-þegar-hent-er“ aðferðarfærðina og ákvæði í lögum um að ákveðinni hluti innheimtu vegna úrgangsmála sé breytilegur eftir magni úrgangs. Nánar á heimasíðu Dalabyggðar.



- Heimsókn og verkfundur með ÍGF átti sér stað miðvikudaginn 7. febrúar vegna söfnunar úrgangs í Dalabyggð og reksturs gámasvæðis í Búðardal. Áhugavert var að sjá athafnasvæði fyrirtækisins og þá aðferðarfræði sem viðhöfð er við flokkun alls þess úrgangs sem um ræðir og eins hve langt fyrirtækið er komið í endurnýtingu þess úrgangs sem til þeirra berst. Farið var yfir skipulag sorphirðu og eins rætt um flokkunarkerfið og fjölda þeirra íláta sem við hvert heimili/fasteign sé. Þetta viðfangsefni verður til umræðu á næsta fundi umhverfis- og skipulagsnefndar.



Menntastefna Dalabyggðar 2024-2029

Stefna og innleiðing

- Hér fyrr á fundinum samþykkti sveitarstjórn Dalabyggðar nýja og uppfærða menntastefnu Dalabyggðar fyrir árin 2024 til 2029. Sú samþykkt markar tímamót og markar okkur einnig ákveðnar línur í skólastarfi og einnig í íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfi fyrir komandi tíma og við þurfum að taka mið af þeim áherslum á komandi vikum og misserum hvað það varðar hvernig við viljum og ætlum að halda á skipulagi þeirra málaflokka og þeirra verkefna sem um ræðir.

• BBP – 08/02/2024

